

Subject: FW: SNOW 2025 - Alþjóðleg ráðstefna um ofanflóðavarnir, 30.09-03.10.2025

Bestu kveðjur

Gunnar Jónsson

From: Örn Baldursson - FSRE <orn.baldursson@fsre.is>

Sent: miðvikudagur, 12. mars 2025 16:11

To: Subject: SNOW 2025 - Alþjóðleg ráðstefna um ofanflóðavarnir, 30.09-03.10.2025

Some people who received this message don't often get email from orn.baldursson@fsre.is. [Learn why this is important](#)

Ágæti viðtakandi

FSRE í er í samstarfi við fleiri hagaðila að undirbúa alþjóðlega ráðstefnu um ofanflóðamál á Ísafirði dagana 30. september til 3. október nk. Hérna eru nánari upplýsingar um hana og hlekkur að heimasíðu viðburðarins. Kynnið ykkur endilega þetta nánar og skráið ykkur til þátttöku, sjá hlekk að heimasíðu ráðstefnunnar: <https://snow2025.is/>

Alþjóðleg ráðstefna um ofanflóðamál - The International Symposium on Mitigation Measures against Snow Avalanches and other Rapid Gravity Mass Flows.



Í ár er þess minnst að 30 ár eru frá því að hin mannskæðu snjóflóð féllu í Súðavík og á Flateyri árið 1995. Atburðirnir ullu ekki aðeins miklu manntjóni heldur einnig umtalsverðu eignatjóni og röskun á lífi fólks og starfsemi fyrirtækja.

Frá því snjóflóðin féllu á byggðirnar hefur verið unnið markvisst að byggingu varnarmannvirkja og aðlögun samfélaga að þeirri ógn sem þessi náttúruvá er. Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) telur mikilvægt að minnst þessara atburða með því að halda næstu SNOW ráðstefnu á Ísafirði dagana 30. september til 3. október nk.

Áður hefur VFÍ staðið fyrir samskonar ráðstefnum á Siglufirði 2019 og á Egilsstöðum 2008.

Ráðstefnan SNOW2025 er alþjóðleg ráðstefna um ofanflóðavarnir og ber nafnið: The International Symposium on Mitigation Measures against Snow Avalanches and other Rapid Gravity Mass Flows. Ráðstefnan hefur eftirfarandi megin þemu:


- Áhættustjórnun.
- Umhverfi og samfélag.
- Skipulag, hönnun, uppbygging og viðhald varnarmannvirkja.
- Virkni varnargarða byggt á reynslu, tilraunum og tölulegum hermumum.
-

Síðustu ráðstefnur hafa ekki aðeins laðað að sér fjölmarga íslenska þátttakendur heldur einnig töluverðan hóp erlendra vísindamanna og fagfólks á ofan nefndum sviðum. Ráðstefnan er ætluð fólki frá sveitarstjórnun, stjórnslu, rekstraraðilum skíðasvæða, vegagerð, mannvirkjahönnuðum, eftirlitsaðilum og fræðimönnum innlendum sem erlendum.

Skipuleggjendur ráðstefnunnar eru íslenskir og erlendir fagaðilar, þeir eru: Verkfræðingafélag Íslands, Vegagerðin, Skipulagsstofnun, FSRE, Háskóli Íslands, COWI, NTNU í Þrándheimi, Norges Geotekniske Institutt NGI, SLF í Davos Sviss, og ORION Consulting slf.

Á vefsíðu ráðstefnunnar má nálgast frekari upplýsingar: <https://snow2025.is/>

Áhugasamir eru hvattir til þess að kynna sér efni ráðstefnunnar og skrá sig á þennan áhugaverða atburð.



Með góðri kveðju
Örn Baldursson
Deildarstjóri - Frumhönnun
Framkvæmdasvið FSRE



orn.baldursson@fsre.is
590 9700 | 895 5015
Borgartún 26 | 105 Reykjavík
[Fyrirvari / Disclaimer](#) | [FSRE.IS](https://fsre.is)
FSRE | AÐSTAÐA Í ALLRA ÞÁGU

